

ÍST 30:2012

ÍSLENSKUR
STAÐLARÁÐ ÍSLANDS STAÐALL

6. útgáfa 2012-01-09
Gildistaka 2012-01-09
ICS 3.100

**Almennir útboðs- og
samningsskilmálar um
verkframkvæmdir**

**Conditions of contract for
building and works of civil
engineering construction**

Sýnishorn



ÍST 30:2012

Sýnishorn

© Staðlaráð Íslands 2012. Öll réttindi áskilin.

Án skriflegs leyfis útgefanda má ekki endurprenta eða afrita þennan staðal með neinum hætti, vélrænum eða rafrænum, svo sem ljósritun, hljóðritun eða annarri aðferð sem nú er þekkt eða verður síðar fundin upp, né miðla staðlinum í rafrænu gagnasafni.

1. prentun.

Formáli

Staðallinn ÍST 30 Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir kemur hér út í 6. útgáfu. Fyrst var hann gefinn út árið 1969, síðan 1979, 1988, 1997 og síðast 2003.

Vinnuhópur á vegum Byggingarstaðlaráðs (BSTR) vann að endurskoðun staðalsins.

Vinnuhópurinn skipaðu:

Rögnvaldur Gunnarsson, Vegagerðin, formaður
Guðmundur Pálmi Kristinsson, Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar
Kolbeinn Kolbeinsson, ÍSTAK
Magnús Jónsson, Ris
Óskar Valdimarsson, Framkvæmdasýsla ríkisins
Sigurður Brynjar Halldórsson, Samtök iðnaðarins
Sigþór Jóhannesson, Verkís
Arngrímur Blöndahl, BSTR, ritari

Frumvarpið skiptist í 6 númeraða kafla. Greinar innan kafla eru auðkenndar með tvískiptu númeri (dæmi: 3.1). Undirgreinar innan greina eru auðkenndar með þrískiptu númeri (dæmi: 3.1.1).

Sýnishorn

ÍST 30:2012

| | | |
|------------|--|----|
| 1 | Gildissvið - Skilgreiningar | 5 |
| 1.1 | Gildissvið | 5 |
| 1.2 | Skilgreiningar | 5 |
| 2 | Útboð og tilboð | 5 |
| 2.1 | Auglýsing um útboð | 5 |
| 2.2 | Útboð | 6 |
| 2.3 | Frestur til að skila tilboði – afturköllun tilboðs | 7 |
| 2.4 | Efni tilboðs | 7 |
| 2.5 | Tilboð opnuð – þóknun fyrir gerð tilboðs | 7 |
| 2.6 | Frestur til að taka tilboði | 8 |
| 2.7 | Val á tilboði | 8 |
| 3 | Verksamningur | 9 |
| 3.1 | Tilboð samþykkt – verksamningur | 9 |
| 3.2 | Undirverktakar | 9 |
| 3.3 | Verkátætlun | 9 |
| 3.4 | Meðferð og afhending gagna | 9 |
| 3.5 | Verktrygging | 10 |
| 3.6 | Breytingar á verkinu | 10 |
| 3.7 | Efni og annað sem verkkaupi leggur til | 10 |
| 3.8 | Eignarréttur að efni og verki | 10 |
| 3.9 | Áhætta – vátryggingar – ábyrgð | 10 |
| 4 | Verkframkvæmd | 11 |
| 4.1 | Yfirstjórnandi, umsjónarmaður | 11 |
| 4.2 | Umgengni og samvinna á vinnustað | 11 |
| 4.3 | Gæði verksins | 12 |
| 4.4 | Verklokaúttekt | 12 |
| 4.5 | Ábyrgð á verki | 13 |
| 5 | Greiðslur – Frestir | 13 |
| 5.1 | Greiðslur og reikningsskil | 13 |
| 5.2 | Frestir – tafabætur | 14 |
| 5.3 | Greiðsluþrot – andlát | 15 |
| 6 | Vanefndir – Ágreiningsmál | 15 |
| 6.1 | Tímabundin stöðvun verks | 15 |
| 6.2 | Vanefndir – riftun | 15 |
| 6.3 | Ágreiningsmál | 16 |

1 Gildissvið – Skilgreiningar

1.1 Gildissvið

1.1.1 Skilmálarnir gilda um útböð verka, sbr. gr. 1.2.13, og um samninga um verk er þau hafa verið boðin út. Þeir gilda einnig um samninga um verk án útböðs, eftir því sem við getur átt.

1.1.2 Skilmálunum má beita, eftir því sem við getur átt, um útböð og samninga um smíði byggingarhluta.

1.1.3 Þegar undirverktaki leysir af hendi hluta þess verks, sem aðalverktakinn hefur tekið að sér fyrir verkkaupa, eiga skilmálarnir á sama hátt við um samskipti aðal- og undirverktaka, nema um annað hafi verið samið milli aðal- og undirverktakans. Gildi ákvæði staðalsins um samningssamband aðal- og undirverktaka, gilda ákvæði um verkkaupa þá um aðalverktakann, en ákvæði verktaka um undirverktakann.

1.2 Skilgreiningar

Í staðli þessum gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1.2.1 aðalverktaki: Verktaki sem felur öðrum verkökum, einum eða fleiri, að framkvæma hluta verks sem hann hefur tekið að sér.

1.2.2 almennt útböð: Útböð þegar ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilböð.

1.2.3 alútböð: Útböð þegar tilböða er leitað í hönnun og framkvæmd verks samkvæmt forsögn.

1.2.4 alverktaki: Verktaki sem tekur að sér að hanna og framkvæma verk samkvæmt alútböði, sjá gr. 1.2.3.

1.2.5 aukaverk: Þau verk eða verkþættir sem óhjákvæmilegt er að framkvæma til að unnt sé að ljúka verk-samningi en ekki er getið um í verklýsingu og/eða magn-töluskrá.

1.2.6 bjóðandi: Sá sem gerir tilböð í verk sem hefur verið boðið út.

1.2.7 forsögn: Lýsing er greinir staðsetningu mannvirkis, fyrirhugaða notkun þess og kröfur um efnisval, gæði, útlit og annað er máli skiptir.

1.2.8 forval: Val verktaka fyrir lokað útböð eftir að ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að sækja um að gera tilböð.

1.2.9 frávikstilböð: Tilböð sem leysir þarfir kaupandans á annan hátt en gert er ráð fyrir í tæknilegri lýsingu útböðsgagna og uppfyllir jafnframt lágmarkskröfur þeirra.

1.2.10 lokað útböð: Útböð þegar einungis tilteknum aðilum er gefinn kostur á að gera tilböð.

1.2.11 umsjónarmaður: Sérstakur fulltrúi verkkaupa sem hefur umsjón með verki fyrir hans hönd.

1.2.12 undirverktaki: Sá sem með samningi við aðalverktaka tekur að sér sem verktaki að vinna hluta af verki sem samningur aðalverktaka og verkkaupa tekur til.

1.2.13 útböð: Það að verkkaupi leitar skriflegra, bindandi tilböða í framkvæmd verks frá fleiri en einum aðila samkvæmt sömu upplýsingum og innan sama frests.

1.2.14 verk: Mannvirkjagerð, hvernar tegundar sem er, hvort sem er verkstæðisvinna, nýsmíði, viðhald, viðgerðir eða endurbætur.

1.2.15 verkáætlun: Áætlun um framvindu verks sem að lágmarki inniheldur tímasetningar og samhengi verkþátta þess en getur einnig innihaldið áætlun um aðföng og greiðslufæði.

1.2.16 verklokaúttekt: Þegar verki í heild sinni eða að hluta er lokið og tekið út af samningsaðilum.

1.2.17 verkkaupi: Sá sem lætur vinna verk, með eða án undangengins útböðs.

1.2.18 verktaki: Sá sem með verksamningi tekur að sér að vinna verk.

1.2.19 viðbótarverk: Þau verk eða verkþættir sem verkkaupi óskar eftir að framkvæmd verði, og ekki lá fyrir ákvörðun á útböðsstigi um að framkvæma og ekki er nauðsynlegt að framkvæma til þess að unnt sé að ljúka við verksamning.

1.2.20 yfirstjórnandi: Sérstakur fulltrúi verktaka sem hefur umsjón með verki fyrir hans hönd.

2 Útböð og tilböð

2.1 Auglýsing um útböð

2.1.1 Almenn útböð skal auglýsa í blöðum, á rafrænum útböðsvettvangi, eða með öðrum almennum hætti með útbreiðslu á landsvísu. Í auglýsingu skal tilgreina nafn verkkaupa, hvert verkið er og stærð þess með einni eða fleiri kennitölum (m² húss o.s.frv.), hvar og hvenær útböðsgögn eru til sýnis eða verða afhent, hvort greiðslu eða skilafrestingar er krafist fyrir þau og þá hvernar, skilafrest tilböðs, skilafrest verks og annað það sem ætla má að ráði því hverjir kynni sér útböðsgögn nánar.